

REGLUR

um greiðslu kostnaðar vegna ferðalaga á vegum ríkisins.

1. gr.

Reglur þessar gilda um greiðslu ferðakostnaðar ríkisstarfsmanna og annarra, sem ferðast innanlands eða utan á vegum ríkisstofnana og ríkisfyrirtækja.

Ferðalög innanlands.

2. gr.

Fargjöld á ferðalögum innanlands skulu greiðast eftir reikningi, enda fylgi fullnægjandi frumgögn, svo sem farseðlar eða fargjaldakvittanir.

3. gr.

Ríkisstarfsmenn skulu fá endurgreiddan fæðis- og gistikostnað á ferðalögum innanlands með dagpeningum, eins og segir í 10. gr. I.

Þegar sérstaklega stendur á má endurgreiða fæðis- og gistikostnað á ferðalögum eftir reikningi, sem úrskurðast af forstöðumanni viðkomandi stofnunar, enda fylgi fullnægjandi frumgögn fyrir útlögðum kostnaði.

Sé verið heima um nætur, en hálfur vinnudagur eða meira unninn svo langt frá heimili eða frá föstum vinnustað, að starfsmaður þurfi að kaupa sér fæði utan heimilis eða fasts vinnustaðar, skal endurgreiða fæðiskostnað með dagpeningum, eins og segir í 10. gr. I.

Ferðalög erlendis.

4. gr.

Fargjöld á ferðalögum erlendis skulu greiðast eftir reikningi, enda fylgi ávallt farseðlar. Far með flugvélum skal miðast við venjulegt farrými flugvélar, þ. e. ferðamannafarrými. Heimilt er þó að greiða far á I. farrými flugvélar, þegar sérstaklega stendur á, skv. ákvörðun hlutaðeigandi ráðuneytis. Far með skipum, lestum eða langferðabifreiðum miðast við far á I. farrými, ef við á.

Beri nauðsyn til að ferðast með öðrum og kostnaðarsamari hætti en áður er greint, greiðist slíkur kostnaður eftir reikningum, sem hlutaðeigandi ráðuneyti úrskurðar, enda fylgi reikningi greinargerð um nauðsyn þessa aukakostnaðar.

Áður en ferð til útlanda hefst, ber að afla skriflegrar heimildar viðkomandi ráðuneytis. Í heimildinni sé tilgreindur fjöldi ferðadaga.

Að lokinni ferð skal viðkomandi starfsmaður fylla út ferðakostnaðarreikning ásamt tilskildum fylgiskjölum.

5. gr.

Annar ferðakostnaður en fargjöld greiðist með dagpeningum, og er um þrjá flokka að ræða, sbr. 10. gr. II. Dagpeninga I skal greiða ríkisstarfsmönnum, sem taka laun skv. launaflokki B-1 eða hærri. Dagpeninga II skal greiða ríkisstarfsmön-

um, sem taka laun skv. 24.—28. launaflokki. Dagpeninga III skal greiða öðrum ríkisstarfsmönnum.

Ferðist starfsmenn ríkisins á I.T. fargjöldum, skulu dagpeningar vegna ferðalaga erlendis vera $\frac{2}{3}$ af því, sem annars gildir.

Mönnum, sem ferðast til útlanda á vegum ríkisins, en ekki taka laun skv. launaflokkum, ber hlutaðeigandi ráðuneyti að ákveða dagpeninga hverju sinni skv. stöðu þeirra og í samræmi við fyrrgreindar meginreglur.

Sé ferðast utan Evrópu eða Ameríku, ber að greiða sömu dagpeninga og í Evrópuferðum.

Ferðakostnaður skv. framansögðu greiðist eingöngu fyrir þann, sem ferðast til útlanda á vegum ríkisins, en ekki fyrir maka hans eða skyldulið. Sé um að ræða opinbera heimsókn, alþjóðlega venju eða algerlega sérstakar aðstæður, skal þó greiða fargjald maka og að auki helming dagpeninga vegna hans.

6. gr.

Af dagpeningum ber að greiða allan venjulegan ferðakostnað, annan en fargjöld, svo sem kostnað vegna leigubifreiða að og frá flugvöllum, fæði, húsnæði, minni háttar risnu, hvers konar persónuleg útgjöld, flugvallaskatta, yfirvigt aukafarangurs o. s. frv.

Beri nauðsyn til að hafa meiri háttar risnu í ferðalögum erlendis, greiðist slík risna eftir reikningi, sem hlutaðeigandi ráðuneyti úrskurðar. Teljist slík greiðsla óþörf, skal sá, sem risnuna veitti, bera þann kostnað sjálfur.

7. gr.

Ef dvalið er langdvölum erlendis vegna þjálfunar- og eftirlitsstarfa á vegum ríkisins, skal greiða dagpeninga skv. 10. gr. III. Ef sami maður fer oftár en einu sinni á ári (360 dögum) til dvalar á sama stað, greiðast ofangreindir dagpeningar sem um samfellda dvöl væri að ræða. Er miðað við, að starfsmenn séu í þjálfun vegna síns eiginlega starfs eftir ákvörðun forstöðumanns, en eiga ekki við almenn þjálfunarnámskeið, sem ekki eru takmörkuð við þröngt afmarkað starfssvið stofnunar.

8. gr.

Greiði aðrir aðilar en íslenzka ríkið hluta kostnaðar við ferðalög, sem farin eru til útlanda í erindum ríkisins, getur hlutaðeigandi ráðherra ákveðið greiðslu allt að mismun þess, sem greitt er af öðrum, og greiðslu skv. þessum reglum.

9. gr.

Ef ferðakostnaður er að einhverju leyti óeðlilegur eða óþarflega hár að dómi ríkisendurskoðunarinnar, er starfsmaður skyldur að endurgreiða það, sem um of er eytt.

10. gr.

Dagpeningar skv. þessum reglum eru sem hér segir:

I. Dagpeningar á ferðalögum innanlands skv. 3. gr.:

a) Til kaupa á gistingu og fæði í sólarhring	kr. 1 400.00
b) Fæði í heilan dag án gistingar, minnst 10 tíma ferðalag	— 700.00
c) Fæði í hálfan dag án gistingar, minnst 6 tíma ferðalag	— 350.00

II. Dagpeningar á ferðalögum erlendis, sbr. 6. gr.:

	Evrópa	Ameríka
Dagpeningar I	£ 17.00	\$ 50.00
Dagpeningar II	£ 15.00	\$ 45.00
Dagpeningar III	£ 13.00	\$ 40.00

III. Dagpeningar vegna þjálfunar- og eftirlitsstarfa skv. 8. gr.:

	Evrópa	Ameríka
Á fyrstu 30 dögum dvalar	£ 8.50	\$ 27.00
Á næstu 60 dögum dvalar	£ 7.50	\$ 24.00
Á þar næstu 60 dögum dvalar	£ 6.00	\$ 19.00
Fyrir hvern dag fram yfir 150 daga	£ 4.50	\$ 14.00

11. gr.

Um dagpeninga fyrir starfsfólk, sem eru meðlimir í aðildarfélagi Alpýðusambands Íslands, gildir samningur sá, sem á hverjum tíma er í gildi milli Alpýðusambands Íslands annars vegar og Vegagerðar ríkisins hins vegar.

12. gr.

Um dagpeninga mælingamanna og annarra, sem vinna við sérstök skilyrði, gilda reglur, sem fjármálaráðuneytið, fjárlaga- og hagsýslustofnun, setur.

13. gr.

Reglur utanríkisráðuneytisins um greiðslu ferðakostnaðar starfsfólks, sem flyzt búferlum milli landa á þess vegum, skulu gilda óbreyttar.

14. gr.

Þegar ríkisstofnun ferðatryggir starfsmann, skal það gert fyrir milligöngu Innkaupastofnunar ríkisins, eftir sérstökum reglum, sem þar um gilda.

15. gr.

Komi upp ágreiningur um gildissvið eða efni þessara reglna, skal fjármálaráðherra úrskurða þar um.

16. gr.

Reglur þessar eru settar í samræmi við ákvæði 25. gr. 1. nr. 92/1955 og gilda frá 1. maí 1973. Jafnframt falla úr gildi reglur nr. 199 1. september 1970.

Í fjármálaráðuneytinu, 2. maí 1973.

Halldór E. Sigurðsson.

Gisli Blöndal.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 51 15. maí 1964 um gerð og búnað ökutækja o. fl.

1. gr.

17. gr. orðist svo:

Á hjólum bifreiðar skulu vera hjólbarðar úr gúmi, hæfilega loftfylltir. Slitflötur hjólbarða skal vera mynztraður og skulu raufar í mynztrinu vera a. m. k. 1 mm á dýpt.